

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 123

26. janúar 2023

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans miðvikudaginn 26. janúar 2023 kl. 17:00. Mætt eru: Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Sigurðsson, Helgi Haukur Hauksson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykktar

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerð stjórnarfundar nr. 122 og var hún samþykkt samhljóða.

2. Kynning á niðurstöðum ársreiknings

Skólameistari fór yfir bráðabirgðaniðurstöðu ársreiknings fyrir árið 2022. Niðurstaðan sýnir heldur meira tap en gert var ráð fyrir í áætlun og farið yfir orsök þess. Framlag frá mennta- og barnamálaráðuneytinu hækkar um minna á milli ára, en verðlags- og launahækkanir. Umræður um ársreikninginn fóru fram í kjölfarið.

3. Nemendagarðar MB – Staða mála

Skólameistari upplýsti um stöðu mála vegna framkvæmda við uppbyggingu Nemendagarða MB. Unnið er að fullnaðarhönnun hússins og er stjórn nemendagarða í góðu samráði við arkitektana og tengiliði Brákarhlíðar. Rætt var um framkvæmdir og framkvæmdatíma.

4. Samningur um sálfræðiaðstoð kynntur

Mikið er rætt um hvernig megi stuðla að aukinni vellíðan starfsfólki innan fyrirtækja og stofnana og vill stjórn MB leggja sitt af mörkum í þeim efnum, en í deiglunni er að gera samning við sálfræðistofu þar sem starfsfólki gefst kostur á að sækja sér viðeigandi þjónstu. Umræður fóru fram í kjölfarið.

5. Skólaþróun MB

Rætt um skólaþróun MB og hugmyndir því tengdu.

6. Fundarhöld stjórnar vorið 2023

Lagðar eru til dagsetningar á fundum stjórnar vorið 2023 og tímasetningu aðalfundar MB.

Lagðar eru til eftirfarandi dagsetningarnar fyrir fundarhöld:

- 2. mars kl. 17:00: Almennur stjórnarfundur
- 14. apríl kl. 12:00: Aðalfundur
- 11. maí kl. 17:00: Almennur stjórnarfundur
- 15. maí kl. 12:00 Skólanefndarfundur

Stjórn gerir ekki athugasemd við framlagðar dagsetningar.

7. Skólastarfið

- a) Unnið er að því að auka framboð í tungumálakennslu við MB.
- b) Félagsstarf nemenda hefur gengið vel á haustönn 2022. Framundan er uppsetning á leikverkinu *SING* í samstarfi við Grunnskólann í Borgarnesi þar sem nemendur í 10. bekk taka þátt í uppsetningunni.
- c) Verið er að skoða að starfsfólk MB fari í námsferð erlendis í loka skólaárs eða í upphafi þess næsta.
- d) Það er mikið um fyrirspurnir vegna skólaþróunarverkefnisins Menntun fyrir störf framtíðar. Þar af leiðandi hefur starfsfólk, þá helst skólameistari verið mikið í því að kynna skólaþróunarverkefnið fyrir stofnunum um land allt, sem er mjög ánægjulegt.
- e) Kynningarmál MB eru í gangi, og er von á heimsóknnum frá grunnskólum á Vesturlandi og Norðurlandi Vestra. Einnig munu samfélagsmiðlaherferðir verða á döfnni og heimsóknir skólameistara og starfsfólks MB í grunnskóla á norðvesturhluta Íslands

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp. Fleira var ekki gert, og fundi slitið klukkan 18:40.